

**Nd.**

**37. Frumvarp til laga**

[34. mál]

um breyting á lögum nr. 70 5. júní 1947, um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Steingrímur Steinþórsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

2. málsgr. 9. gr. laganna falli burt.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Engar vörur má flytja til landsins, nema að fengnu innflutnings- og gjaldeyrisleyfi. Frá þessu getur fjárhagsráð þó gefið undanþágu með auglýsingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar.

Fjárhagsráð úthlutar innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til kaupa á þeim vörum, sem háðar eru leyfisveitingum, og getur sett þau skilyrði um innflutninginn, sem nauðsynleg kunna að vera vegna viðskiptasamninga eða af öðrum ástæðum.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa skal hagað samkvæmt fyrirmælum 11. gr. laga þessara.

3. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, sem fjárhagsráð ákveður að veita til kaupa á kornvörum til manneldis, kaffi og sykri, ávöxtum og grænmeti, fatnaði og vefnaðarvörum, skófatnaði, búsaðöldum og hreinlætisvörum,

skal skipt jafnt milli allra landsmanna og leyfunum úthlutað til hvers einstaklings. Þó er heimilt að úthluta allt að 15 af hundraði af heildarinnflutningi á þessum vörum eftir öðrum reglum og að veita þeim, sem vegna atvinnu sinnar þurfa meira en aðrir af einhverjum vörutegundum, aukaleyfi til kaupa á þeim (vinnuföt, sjóklæði, kaffi og sykur, rúgmjöl til sláturgerðar o. s. frv.). Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri séu miðuð við ákveðið vörumagn, en leyfi fyrir öðrum vörutegundum við verð.

Um gjaldeyrisölu bankanna gegn leyfum, sem miðuð eru við vörumagn en ekki ákveðna fjárhæð, skal farið eftir reglum, er um það verða settar. Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi séu veitt fyrir eigi skemmra tímabil en 6 mánuði í einu. Að því er snertir þær af framangreindum vörum, sem framleiddar eru í landinu, að einhverju eða öllu leyti úr erlendum eignum, skal nokkur hluti leyfanna gilda til kaupa á efni til þeirrar framleiðslu.

Þegar fjárhagsráð veitir fjárfestingarleyfi samkv. 5. gr., skal það jafnframt veita þeim, er fá slík leyfi, innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir öllum þeim erlendu vörutegundum, sem þarf til framkvæmdanna og kosta yfir 200 krónur í erlendum gjaldeyri. Leyfi til framkvæmda utan Reykjavíkur séu veitt fyrir eitt ár í senn.

Verzlanir og fyrirtæki, sem fá þau innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, er einstaklingum eru veitt samkv. 1. og 2. málsg., skulu framvísa þeim hjá sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík hjá fjárhagsráði). Þar séu upphæðir leyfanna lagðar saman og þeim skipt fyrir tölusett heildarleyfi, er innflytjendur síðan framvísa hjá tollyfirvöldum og bönkum.

Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til kaupa á öðrum vörum en þeim, sem nefndar eru í 1. og 2. málsg., fer eftir ákvörðun fjárhagsráðs og reglum, sem um það kunna að verða settar.

#### 4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð ráðstafar gjaldeyri til kaupa á þeim vörum erlendis, sem eigi þarf innflutningsleyfi fyrir, svo og til annarra nauðsynja.

Fjárhagsráð hefur heimild til að ráðstafa farmrými í skipum, sem íslenzkir aðilar hafa til vöruflutninga að og frá landinu, ef nauðsynlegt þykir.

Fjárhagsráð fer með verðlagsáskvarðanir og verðlagseftirlit, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt verður talið.

Ríkisstjórnin getur ákveðið skömmtnu á einstökum vörutegundum, ef hún telur þess þörf, og skal þá framkvæmd skömmtnunarinnar falin fjárhagsráði.

Ríkisstjórnin getur einnig ákveðið, að verzlunum og iðnaðarfyrirtækjum sé óheimilt að selja nafngreindar vörutegundir nema gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, enda sé þá jafnframt ákveðið hlutfall milli leyfisupphæðar og útsöluverðs vörunnar í hverjum vöruflokki.

#### 5. gr.

Í stað orðanna „innflutnings- og gjaldeyrisdeildar“ í 1. málsg. 13. gr. laganna komi: fjárhagsráðs.

#### 6. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð getur ákveðið hámarksverð á hvers konar vörum, þar á meðal hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur það og úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem til greina koma við verðlagningu á vörum. Þá getur fjárhagsráð einnig ákveðið gjöld fyrir flutninga á landi, sjó og í lofti, þar með talin farmgjöld og afgreiðslugjöld, enn fremur greiðslur til verktaka og verkstæða fyrir alls konar verk, svo sem pípu- og raflagningar, smíðar, málningu og veggfóðrun, saumaskap, prentun og því um líkt. Fjárhagsráð

getur enn fremur ákveðið hámarksverð á veitingum á greiðasölustöðum, fæði, snyrtingu, fatapressun og aðgöngumiðum að almennum skenmtunum og öðru slíku.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

7. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fjárhagsráð getur falið sérstökum trúnaðarmönnum eftirlit með verðlagi. Þeir, sem fara með verðlagseftirlit samkvæmt lögum þessum, geta krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

8. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Úrskurðum og ályktunum fjárhagsráðs um verðlagsmál verður ekki áfrýjað. Þó má taka mál til meðferðar á ný, ef ástæður hafa breytt eða nýjar skýrslur komið fram, er máli skipta.

9. gr.

Upphaf 19. gr. laganna verði þannig:

Allar verðlagsákvæðanir, sem samþykktar eru af fjárhagsráði, skulu birtar þegar í stað, og ganga þær í gildi o. s. frv.

10. gr.

Í stað orðanna „innflutnings- og gjaldeyrisdeildar“ í 20. gr. laganna komi: fjárhagsráðs.

11. gr.

Upphaf 21. gr. laganna verði þannig:

Fjárhagsráðsmönnum og starfsmönnum fjárhagsráðs er bannað, o. s. frv.

12. gr.

Upphaf 22. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, er vanrækir að láta fjárhagsráði eða starfsmönnum þess í té skýrslur þær, sem honum er skylt að gefa, o. s. frv.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Greinargerð.

Á síðasta þingi, haustið 1947, var borið fram frumvarp um breytingar á lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, og var þar lagt til, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til verzlana og iðnfyrirtækja fyrir skömmtunarvörum skyldi miða við afhenta skömmtunarseðla þeirra til viðskiptanefndar. Tillögur um þetta efni höfðu áður verið fluttar í fjárhagsráði af fulltrúum Framsóknarflokksins þar, Hermanní Jónassyni og Sigtryggi Klemenssyni. Með tillögum þessum var stefnt að því að veita almenningi óskertan ákvörðunarrétt um það, hjá hvaða verzlunum hann keypti skömmtunarvörurnar, og enn fremur að tryggja fullt samræmi í útgáfu skömmtunarseðla og veitingu innflutningsleyfa fyrir hinum skömmtuðu vörum.

Afdrif málsins á síðasta þingi urðu þau, að frumvarpið var samþykkt í neðri deild, en fellt með eins atkvæðis mun í efri deild þingsins.

Með flutningi þessa frv. er mál þetta tekið upp á ný. Samþykkt þessa frv. mundi koma verzlun með skömmtunarvörurnar í það horf, sem stefnt var að með frv. því, er flutt var á síðasta þingi. En hér er lagt til, að sú formsbreyting verði gerð, að vöruskömmtunin og úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa verði sameinuð í eitt, þannig að framvegis verði innflutnings- og gjaldeyrisleyfum úthlutað til allra landsmanna í stað þeirra skömmtunarseðla, sem nú eru út gefnir. Með þeirri tilhögun er framkvæmd skömmtunar á nauðsynjavörum og leyfisveitinga til kaupa á þeim gerð einfaldari en nú er.

Í sambandi við þetta mál er ástæða til að minnst þess, að í s. l. febrúarmánuði var haldinn fundur í Reykjavík um viðskiptamál, og voru þar saman komnir yfir 20 fulltrúar frá kaupstöðum og kauptúnum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Allir fundarmenn voru á einu máli um það, að fyrirkomulagið á veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa væri óviðunandi fyrir allflest byggðarlög utan Reykjavíkur, þar sem fjöldi manna, er búa í öðrum landshlutum, þyrfti að leita til smásala í höfuðstaðnum um kaup á margs konar nauðsynjavörum, sökum vöruskorts á öðrum verzlunarstöðum. Á fundinum voru samþykktar tillögur um nýja tilhögun á veitingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, og samkvæmt þeim skyldi úthlutun leyfa til verzlana í hverjum landsfjórðungi miðast við íbúatölu og vörubarfir á því svæði.

Eftir að nefnd manna frá þessum fulltrúafundi hafði verið í Reykjavík í hálfan mánuð og rætt við fjárhagsráð og viðskiptanefnd, án þess að fá þar ákveðin svör við málaleitunum sínum, fól hún 8 alþingismönnum af Norður-, Austur- og Vesturlandi að ganga eftir svörum hjá þeim aðilum, er fara með viðskiptamálin, og vinna á annan hátt að framgangi málsins. Eftir að þingmennirnir höfðu rætt við viðskiptanefndina, tóku þeir þá ákvörðun að flytja tillögu um málið á Alþingi. Þar var máli þeirra yfirleitt vel tekið, og 24. marz s. l. var samþykkt í sameinuðu Alþingi, með 37 gegn 5 atkvæðum, ályktun um skiptingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa milli landshluta. Í þeirri ályktun var skorað á ríkisstjórnina að koma þeirri skipan á úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, sem gert var ráð fyrir í tillögunum frá fulltrúafundi verzlunarstaðanna.

Engar skýrslur hafa enn verið birtar um úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa og því ekki kunnugt, hvort þessi þingsályktun hefur að einhverju leyti verið höfð til hliðsjónar við leyfisveitingar, síðan hún var samþykkt. En vöruskorturinn á verzlunarstöðum víða um land virðist sízt minni nú en á þeim tíma, þegar fulltrúafundurinn var haldinn, og bendir það til þess, að framkvæmd þessara mála sé enn langt frá því að vera í samræmi við áður nefnda ályktun Alþingis frá 24. marz s. l.

Verði þetta frv. samþykkt, er þar með tryggt, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir þeim helztu nauðsynjavörum, sem almennigur þarf að nota, verði úthlutað í öll héruð landsins í samræmi við íbúatölu og vörubörf, eins og að var stefnt með tillögum þeim, er samþykktar voru á fulltrúafundi verzlunarstaðanna á s. l. vetri.

Auk þess, sem þegar hefur verið nefnt, er hér lagt til, að þessar breytingar verði gerðar á lögnum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit.

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til kaupa á efni til framkvæmda, sem fjárfestingarleyfi þarf til, verði látin fylgja fjárfestingarleyfunum.

Fjárhagsráð annist úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa, en innflutnings- og gjaldeyrisdeildin (viðskiptanefnd) verði lögð niður.

Vöruskömmtunin verði afnumin í því formi, sem hún nú er, sbr. þó næstsíðustu málsg. 4. gr., og sú stofnun, sem nú annast skömmtunina, verði lögð niður.

Embætti verðlagsstjóra verði lagt niður, en fjárhagsráð hafi með höndum verðlagsákvæðanir og eftirlit með verðlagi, eftir því sem nauðsynlegt verður talið, enda geti ráðið falið sérstökum trúnaðarmönnum verðlagseftirlitið.

Skal hér gerð nokkru nánari grein fyrir þessum breytingartillögum.

Leyfi til innflutnings á nauðsynjavörum almennings hafa að undanfögnu nær eingöngu verið veitt verzlunarfyrirtækjum, en ekki notendum vörunnar. Þrálátar deilur hafa staðið um skiptingu vöruinnflutningsins milli verzlana og landshluta. Verði sá háttur upp tekinn við veilingu innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, að úthluta miklum hluta vöruinnflutningsins beint til notenda vörunnar, eru slíkar deilur um innflutning á þeim vörum settar niður, þar sem opinber íhlutun um það, hvaða aðilar flytja vörurnar til landsins, er þá úr sögunni. Ákvörðun um það verður þá á valdi allra landsmanna, sem fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfin. Engin ástæða er til að óttast örðugleika manna við að hagnýta sér fengin leyfi, þar sem hér á landi er mikill fjöldi kaupþýslufyrirtækja, sem mun fúslega veita aðstoð við kaup á erlendum vörum.

Fjárhagsráð, skipað 5 mönnum, fer nú með stjórn á fjárfestingu, innflutnings- og gjaldeyrislögum, undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar. En önnur fimm manna nefnd, viðskiptanefndin, annast úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa. Ekki virðist nauðsynlegt að hafa tvær nefndir við þessi störf, og er því lagt til, að viðskiptanefndin verði látin hætta störfum, en fjárhagsráð annast úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna.

Þeirri mótbáru kann að verða hreyft, að með því að fela fjárhagsráði úthlutun leyfanna sé hætt á, að það geti eigi unnið svo vel sem skyldi að öðrum verkefnum, sem því er ætlað að hafa með höndum, sem er stjórn á fjárfestingu landsmanna og heildarákvarðanir um utanríkisviðskiptin. En auðvelt ætti að vera að haga framkvæmd leyfisveitinganna þannig, að það verk eyði ekki of miklu af vinnutíma sjálfra ráðsmannanna frá öðrum störfum í ráðinu. Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru fram bornar, getur úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna að miklu leyti orðið verk skrifstofumanna í þjónustu fjárhagsráðs, þar sem úthlutun leyfa fyrir mestum hluta innflutningsins færi eftir fyrirfram ákveðnum reglum, og aðalstarf sjálfra fjárhagsráðsmannanna, varðandi úthlutunina, yrði eftir sem áður að taka ákvarðanir um upphæð leyfanna í heild.

Ein af undirdeildum fjárhagsráðs, skömmtunarskrifstofan, annast nú skömmtun á flestum helztu innfluttum nauðsynjavörum, sem almennigur þarf að nota. Hún gefur út skömmtunarseðla til allra landsmanna, og eiga þeir að gilda ákveðinn tíma. En reynslan hefur leitt í ljós, að fjöldi manna hefur ekki getað fengið keyptar vörur gegn skömmtunarseðlunum, nema að nokkru leyti. Mun þetta stafa af því, að seðla-útgáfa skömmtunarskrifstofunnar hefur verið í ósamræmi við innflutning á hinum skömmtuðu vörum. Þykir mönnum, að vonum, illt við þetta að búa.

Til þess að ráða bót á þessu er hér lagt til, að innflutnings- og gjaldeyrisleyfum fyrir þeim vörum, sem nú eru skammtaðar, verði framvegis úthlutað beint til notenda, jafnt til allra, en vöruskömmtunin verði afnumin í því formi, sem hún nú er. Í stað skömmtunarseðlanna fá menn þá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til kaupa á nauðsynjavörum. Útgáfa og dreifing innflutnings- og gjaldeyrisleyfa til allra landsmanna þyrfti ekki að verða dýrari en útgáfa skömmtunarseðlanna er nú.

Með slíkri tilhögun er framkvæmd þessara mála gerð einfaldari en nú er. Veiting innflutningsleyfa og skömmtunin er þar með sameinuð í eitt. Um leið hverfur það ósamræmi, sem nú er í störfum fjárhagsráðs og undirdeilda þess á þessu sviði og mestu misrétti og vandræðum hefur valdið.

Um fjárfestingarleyfin, sem fjárhagsráð hefur gefið út, gildir að nokkru leyti það sama og um skömmtunarseðlana. Þess eru mörg dæmi, að handhafar fjárfestingarleyfanna hafa ekki getað fengið keypt efni til þeirra framkvæmda, sem leyfðar hafa verið. Hér er því lagt til, að allir þeir, sem fá fjárfestingarleyfi, fái jafnframt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir því útlenda efni, sem þarf til framkvæmdanna.

Vel getur svo farið, að nauðsynlegt verði talið að skammta einstakar vörutegundir, aðrar en þær, sem úthlutað er til almennings samkv. 3. gr. frv., og er því ákvæði í næstsiðustu málsg. 4. gr. um það, að fjárhagsráð skuli annast slíka skömmtun, ef hún verður ákveðin af ríkisstjórninni.

Til þess að tryggja það, að þær birgðir af skömmtunarvörum, sem kunna að vera til hjá verzlunum og iðnaðarfyrirtækjum, þegar lög þessi öðlast gildi, og þær vörur, sem fluttar verða inn síðar, dreifist hæfilega, er ákvæði í 4. gr. frv. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að mæla svo fyrir, að ákveðnar, nafngreindar vörutegundir megi aðeins selja gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum.

Með þeirri skipan viðskiptamála, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, verður áreiðanlega minni þörf en nú er fyrir opinbert eftirlit með verðlagi á innfluttum vörum. Allir landsmenn fá þá í hendur innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir útlendum varningi og geta leitað aðstoðar við innkaupin hjá þeim verzlunarfyrtækjum, sem þeir telja sér hagkvæmast að skipta við. Er þá verzlunin orðin svo frjálsleg sem hún getur orðið á haftatímum, og má þá vænta þess, að holl og eðlileg samkeppni skapist á verzlunar sviðinu, þrátt fyrir takmarkanir á innflutningi. En um leið minnkar þörfin fyrir opinbert verðlagseftirlit. Í frv. þessu er þó gert ráð fyrir, að fjárhagsráð fari með verðlagsákvæðanir og eftirlit með verðlagi, eftir því sem nauðsynlegt verður talið, og sé ráðinu heimilt að hafa sérstaka trúnaðarmenn sér til aðstoðar við þau störf, en hins yegar verði embætti verðlagsstjóra lagt niður.

Á fyrra helmingi ársins 1948 er talið, að kostnaðurinn við fjárhagsráð og deildir þess hafi numið samtals 1 milljón 619 þús. kr. Af þessari fjárhæð er kostnaður við ráðið sjálft um 418 þús. kr., en kostnaður við undirdeildir þess, þ. e. viðskiptanefndina, verðlagseftirlitið og skömmtunarskrifstofuna, samtals um 1 millj. 201 þús. kr. Sundurliðun á kostnaði við undirdeildirnar fyrstu 3 mánuði ársins liggur ekki fyrir, en á 2. ársfjórðungi, þ. e. mánuðina apríl—júni að báðum meðtöldum, kostuðu undirdeildirnar það, sem hér greinir:

Viðskiptanefndin .....	kr. 198 000.00
Verðlagseftirlitið .....	— 136 000.00
Skömmtunarskrifstofan .....	— 217 000.00

Eftir þessu að dæma má búast við, að kostnaður við þessar 3 undirdeildir fjárhagsráðs yfir árið verði samtals töluvert yfir 2 milljónir króna, en sjálft ráðið og skrifstofa þess kosti hátt upp í eina milljón.

Með því að afnema þessar 3 undirdeildir fjárhagsráðs, eins og hér er lagt til, sparast sennilega nokkur útgjöld. Að vísu má búast við, að fjárhagsráð þurfi að auka við starfslíð sitt, ef það tekur við þeim verkefnum, sem frv. ætlar því, og útgáfa og dreifing innflutnings- og gjaldeyrisleyfanna myndi sennilega kosta svipaða upphæð og skömmtunarseðlarnir nú, en hækkun kostnaðar hjá ráðinu myndi þó tæplega nema þeirri fjárhæð, sem undirdeildirnar kosta nú. Og þess er einmitt brýn þörf að draga úr þeim mikla kostnaði, sem nú er orðinn við ríkisreksturinn, með því að gera starfskerfið einfaldara.

Um einstakar greinar frv. skal þetta enn fremur tekið fram:

#### Um 1. gr.

2. málsg. 9. gr. laganna er um reglugerð varðandi hinar einstöku deildir fjárhagsráðs, en þar sem lagt er til í frv. þessu, að undirdeildirnar verði lagðar niður, eiga reglugerðarákvæði um þær einnig að sjálfsögðu að falla úr gildi. Í 25. gr. laganna eru fullnægjandi fyrirmæli um útgáfu reglugerðar um framkvæmd laganna.

#### Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar eru efnislega samhljóða þeim fyrirmælum, sem nú gilda, að öðru leyti en því, að fjárhagsráði er ætlað að úthluta gjaldeyris- og innflutningsleyfunum í stað þeirrar sérstöku nefndar, viðskiptanefndarinnar, sem nú úthlutar leyfunum í umboði fjárhagsráðs.

#### Um 3. gr.

Samkv. 1. málsg. á að úthluta innflutnings- og gjaldeyrisleyfum til kaupa á kornvörum, kaffi og sykri, ávöxtum og grænmeti, fatnaði og vefnaðarvörum, skófatn-

aði, búsaðöldum og hreinlætisvörum, til einstaklinga, jafnt til allra landsmanna. Þó sé heimilt að úthluta allt að 15% af heildarinnflutningi á þessum vörum eftir öðrum reglum. T. d. getur verið nauðsynlegt að veita stofnunum, er starfa í þágu almennings, svo sem sjúkrahúsum, veitingahúsum og skólum, leyfi til innflutnings á nokkru af þeim vörum, sem hér eru nefndar. Þá sé og heimilt að veita aukaleyfi til þeirra, sem vegna atvinnu sinnar þurfa meira en aðrir af einstökum vörutegundum. Má í því sambandi nefna t. d. vinnuföt og sjóklæði, kaffi og sykurlög til sjómanna og rúgmjöl til sláturgerðar.

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfin eiga að gilda fyrir ákveðnar fjárhæðir, eins og nú er, þó með þeirri undantekningu, að leyfi fyrir kornvörum, kaffi og sykri gildi til kaupa á ákveðnu vörumagn. Er þetta ákvæði sett til þess, að verðbreytingar hafi ekki áhrif á það magn af þessum vörutegundum, sem úthlutað verður. Sérstakar reglur verði settar um gjaldeyrissölu bankanna gegn þeim leyfum, sem miðuð eru við vörumagn, en ekki fjárhæð. Leyfi fyrir þeim vörum, sem nefndar eru í upphafi greinarinnar, verði veitt fyrir eigi skemmri tíma en 6 mánuði í einu. Vitanlega væri æskilegt, að leyfi væru gefin út í einu lagi fyrir heilt ár, ef viðskipa-  
ástandur væru þannig, að það teldist fært.

Nokkuð af þeim vörum, sem nefndar eru hér að framan, er framleitt innanlands, t. d. skófatnaður og hreinlætisvörur, en til þeirrar framleiðslu þarf innflutt efni. Er því lagt til, að nokkur hluti leyfa, sem veitt eru fyrir slíkum vörum, gildi fyrir hráefni, en ekki fullunnar vörur.

Innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til einstaklinga þurfa að vera þannig úr garði gerð, að hverjum vöruflokki sé skipt niður í nokkrar einingar á leyfunum, eins og nú er á skömmtunarseðlunum, til þess að menn þurfi ekki að kaupa hverja vörutegund í einu lagi eða á sama stað. Ekki mætti ógilda eldri leyfi um leið og öðrum nýjum er úthlutað, þar sem útvegum á vörum tekur nú oft langan tíma. Úthlutun leyfanna til einstaklinga mætti haga á sama hátt og úthlutun skömmtunarseðlanna nú.

Í 2. málsgrein er ákvæði um útgáfu innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir efni til framkvæmda, sem fjárfestingarleyfi eru veitt til, og verði þau látið fylgja fjárfestingarleyfunum til allra þeirra einstaklinga og fyrirtækja, sem fá slík leyfi. Þetta gildir þó ekki um þá hluti til framkvæmdanna, sem kosta innan við 200 krónur í erlendum gjaldeyri.

Verzlanir og fyrirtæki, sem fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfin hjá einstaklingum og annast vörukaupin frá útlöndum, geta vitanlega ekki framvísað öllum þeim smáu leyfum við töllyfirvöldin og bankana. Eru því sett fyrirmæli um það, að þessir aðilar skuli fá leyfunum frá einstaklingum skipt fyrir stærri heildarleyfi. Í Reykjavík er fjárhagsráði ætlað að annast þessi skipti, en sýslumönnum og bæjarfógetum annars staðar á landinu. Heildarleyfin séu tölusett, til þess að innflytjendur geti gæfið upp númer þeirra um leið og þeir panta vörurnar, eins og nú er gert.

Samkv. síðustu málsgr. greinarinnar er gert ráð fyrir, að úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir öðrum vörum en þeim, sem fyrirmæli eru um í 1. og 2. málsgr., fari eftir ákvörðunum fjárhagsráðs og reglum, sem um það kunna að verða settar. Þó að ekki séu sett ákvæðin fyrirmæli um úthlutun á þessum vörum, er þess að vænta, að hún verði framkvæmd í sem fyllstu samræmi við þá stefnu, sem mörkuð er í frv. þessu, að veita leyfin, að svo miklu leyti sem unnt er, beint til þeirra, sem þurfa að nota vörurnar.

#### Um 4. gr.

Í þessa grein eru tekin upp ákvæði úr gildandi lögum, með þeirri breytingu, að fjárhagsráði er ætlað að framkvæma það, sem nú heyrir undir þær deildir ráðsins, sem hér er lagt til, að hætti störfum. Meðal annars er þar ákvæðið, að verði talið nauðsynlegt að skammta einstakar vörutegundir, sem ekki eru nefndar í 1. og 2.

málsgr. 3. greinar, skuli fjárhagsráð annast skömmtunina. Þar undir kemur t. d. benzínskömmtunin, verði henni haldið áfram.

Þá er og ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að mæla svo fyrir, að verzlunum og iðnaðarfyrirtækjum sé óheimilt að selja ákveðnar, nafngreindar vöruhegundir öðruvísi en gegn innflutnings- og gjaldeyrisleyfum. Er þetta nauðsynlegt ákvæði til þess að koma í veg fyrir, að þær vörubirgðir, sem til eru í landinu, verði seldar hverjum sem hafa vill, utan við þá vöruflokkun, sem nú eru þörf fyrir.

Upphæðir útgefinna innflutnings- og gjaldeyrisleyfa miðast við verð vörunnar í erlendum gjaldeyri, en innlendur kostnaður er þar ekki innifalinn. Eru því hér fyrirmæli um, að ákveðnar skuli hlutafallstölur leyfisupphæðar og útsöluverðs vöru í hverjum vöruflokki, til þess að unnt sé að ákveða, hversu mikla fjárhæð í innflutningsleyfum þarf að afhenda verzlunum fyrir hverjar 100 krónur af útsöluverði vörunnar.

Um 8.—10. gr.

Þær breytingar, sem þessar greinar fjalla um, eru í sambandi við þá tillögu, sem áður er getið, að fjárhagsráð fari með verðlagsákvæðanir og verðlagseftirlit, í stað þess að sérstök stofnun fari með þau mál.

Um 11. og 12. gr.

Leiðréttingar í samræmi við aðrar greinar frv.